



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1290

FUNDARBOÐ

**1290. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
26. mars 2019 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1806033 - Kosning samkvæmt 43. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar

Tillaga að breytingu um skipan bæjarfulltrúa í velferðarráði og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ásamt kosningu í öldungaráð Akraneskaupstaðar.

1. Velferðarráð

Anna Þóra Þorgilsdóttir (B) tekur sæti í velferðarráði sem aðalmaður í stað Elsu Láru Arnardóttur (B) og Einar Brandsson (D) tekur við sem varaformaður.

2. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur

Valgarður Lyngdal Jónsson (S) tekur sæti sem aðalmaður í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur í stað Guðjóns Viðars Guðjónssonar (S) sem verður jafnframt varamaður.

3. Öldungaráð

Liv Aase Skarstad (B) formaður

Kristján Sveinsson (S)

Elínbjörg Magnúsdóttir (D)

Varamaður: Ragnheiður Stefánsdóttir (S)

Fulltrúar frá Félagi eldri borgara (FEBAN)

Elí Halldórsson

Jóna Adolfsdóttir

Þjóðbjörn Hannesson

Varamaður: Viðar Einarsson

Fulltrúi frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE)

Ragnheiður Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur

2. 1903141 - Fæði starfsmanna Akraneskaupstaðar (matarmiðar)

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 14. mars síðastliðinn tillögu um hækkun á verðgildi matarmiða fyrir starfsmenn Akraneskaupstaðar og vísar ákvörðun sinni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

3. 1805150 - Deiliskipulag Æðarodda - breyting vegna reiðskemmu

Breyting á deiliskipulagi Æðarodda felst m.a. í að skilgreina nýja lóð undir reiðskemmu. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 1901367 - Deiliskipulag Skógahverfi 2. áfangi - Baugalundur 6

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 18. mars síðastliðinn var fjallað um umsókn um að breyta nýtingarhlutfalli lóðarinnar við Baugalund 6 úr 0,35 í 0,36. Erindið var grenndarkynnt frá 7. mars til 4. apríl 2019, fyrir lóðarhöfum við Blómalund 1 og 3, og við Baugalund 1, 3, 4 og 8. Lóðarhafi á Baugalundi 8 skilaði inn lóðinni, aðrir hafa sent inn tölvupósta um að þeir geri ekki athugasemd við breytinguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 1903168 - Dalbrautarreit

Skipulagsráðgjafi lagði fram lagfæringar á greinargerð sem gerð var vegna skipulags fyrir Dalbrautreit og samþykkt var í B-deild stjórnartíðinda þann 30. nóvember 2017.

Lagfæringar felast í eftirfarandi:

Tafla 2, í kafla 3.5.3 er að mati skipulags- og umhverfisráðs einungis til viðmiðunar varðandi lágmarksfjölda íbúða.

Í töflu 5, undir kafla 3.7 er misritun á fjölda bílastæða í kjallara við Dalbraut 4. Í stað 45 stæða á að standa 35 stæði.

Skipulags- og umhverfisráð tekur undir ofangreindar lagfæringar/skilning og skal það álit haft til hliðsjónar við veitingu byggingarleyfa á lóðum viðkomandi skipulags á Dalbrautareit. Óskað er eftir staðfestingu bæjarstjórnar.

6. 1711001 - Bjarg íbúðafélag umsókn um stofnframlag okt 2017

Yfirlýsing Akraneskaupstaðar um heimild til veðsetningar vegna lóða við Asparskóga 12, 14 og 16.

Fundargerðir til kynningar

7. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3369. fundargerð bæjarráðs frá 14. mars 2019.

8. 1901006 - Fundargerðir 2019 - velferðar- og mannréttindaráð

102. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 20. mars 2019.

9. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

107. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 18. mars 2019.

10. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

102. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. mars 2019.

11. 1903119 - Fundargerðir 2019 - Sorpurðun Vesturlands hf.

Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands frá 1. mars 2019.

12. 1901018 - Fundargerðir 2019 - Samband íslenskra sveitarfélaga

869. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 15. mars 2019.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.